

Komið þið sæl !

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 4. febrúar s.l. var tekin til afgreiðslu ósk Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um umsögn um tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 121. mál.

Umsögn bæjarráðs er svohljóðandi:

*Bæjarráð varar við tillögum er þrengja enn frekar en nú er að bíleigendum og aukinni skattheimtu. Landfræðilegar staðreyndar á Íslandi eru með þeim hætti að erfitt er fyrir þorra þjóðarinnar að hafna einkabílnum. Slíkt er mögulega hægt í þéttbýli stórborga en víða út um land eru staðhættir þannig að slíkt er svo til ómögulegt. Fyrsta skref ríkisvaldsins ætti að vera að efla verulega almenningsamgöngur þannig að íbúar út um allt land hafi raunhæfan möguleika á að sleppa einkabílnum. Einnig má minna á nauðsynlega uppbyggingu hjólastíga milli þéttbýliskjarna til dæmis á milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurlands (yfir Hellisheiði) þar sem í dag er lífshættulegt að fara um á reiðhjóli en engin hjólarein/öxl er á stórum hluta þeirrar leiðar.*

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur  
Aldís